

Erindisbréf fyrir skipulags- og framkvæmdaráð sameinaðs sveitarfélags Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar

1. gr.

Markmið

Stjórnskipulag sveitarfélagsins byggir á skilvirkri stjórnýsly, ásamt valddreifingu til heimastjórna í samræmi við samþykkt um stjórn sameinaðs sveitarfélags Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar og viðauka I um fullnaðarafgreiðslu ráða, stjórna og nefnda í stjórnýsly sveitarfélagsins.

2. gr.

Um skipulags- og framkvæmdaráð

Skipulags- og framkvæmdaráð er eitt fagráða sameinaðs sveitarfélags Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar og annast það þau störf sem bæjarstjórn felur ráðinu á sviði skipulags- og framkvæmdamála. Ráðið fer með önnur málefni sem því er sett samkvæmt erindisbréfi þessu.

Skipulags- og framkvæmdaráð fer auk skipulags- og framkvæmdamála með verkefni skipulagsnefndar skv. 6. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, byggingarnefndar skv. 7. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010 og umferðarfræðslu skv. 112. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

Skipulags- og framkvæmdaráð starfar í samræmi við stefnumótun, samþykktir og áætlanir bæjarstjórnar sameinaðs sveitarfélags Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar á verkefnasviði ráðsins. Skipulags- og framkvæmdaráði er heimilt að veita styrki til verkefna sem samræmast stefnumótun bæjarstjórnar og fjárhagsáætlun.

Fundargerðir skulu lagðar fyrir bæjarstjórn til afgreiðslu og staðfestingar.

Ákvæði III. kafla samþykktar um stjórn sameinaðs sveitarfélags Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar um fundi og fundarsköp gilda um meðferð mála skipulags- og framkvæmdaráðs eftir því sem á við. Skipulags- og framkvæmdaráð getur ráðið sér sérstakan fundarritara, skal hann vera starfsmaður sveitarfélagsins. Starfsmenn sveitarfélagsins sitja einstaka dagskrárliði þegar eftir því er leitað samkvæmt eðli máls og skal boðun starfsmanna koma fram í dagskrá fundarboðs.

Starfsmaður sveitarfélagsins situr fundi ráðsins með málfrelsi og tillögurétt.

Þóknanir fyrir setu í skipulags- og framkvæmdaráði eru ákvarðaðar í samþykkt um stjórn sameinaðs sveitarfélags Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar, samþykkt sveitarfélagsins um kjör fulltrúa í nefndum, ráðum og stjórnnum og fjárhagsáætlunum hvers árs. Ekki er greidd þóknun til fulltrúa með seturétt.

3. gr.

Um hlutverk ráðsins

- að gera tillögur til bæjarstjórnar um stefnumörkun á sviði málefna dreifbýlis og hálendis í sveitarfélaginu, í fasteignastjórnun og í skipulags- og byggingarmálum og hafa eftirlit með að stefna sveitarfélagsins á hverjum tíma sé haldin,
- hefur frumkvæði að gerð þróunaráætlana og gerir tillögur til bæjarstjórnar um aðalskipulagsáætlanir og breytingar á þeim,
- að gera tillögur til heimastjórna um breytingar á deiliskipulagstillögum á þeirra starfssvæði,
- að gera tillögur um reglur og gjaldskrár á sviði fasteignastjórnunar og reksturs þjónustumiðstöðva, um úthlutun lóða og gatnagerða- og þjónustugjöld,
- að ákvarða um fyrirkomulag úthlutunar lóða til byggingar íbúða og atvinnuhúsnaðis í sveitarfélaginu,
- að leggja mat á þá þjónustu sem veitt er á vegum sveitarfélagsins í framkvæmda- og skipulagsmálum með tölulegum upplýsingum og könnunum á meðal íbúa auk þess að fjalla um ábendingar og athugasemdir sem berast vegna þjónustunnar,
- að fara yfir tillögur stjórnenda að fjárhagsáætlun hvers árs hvað varðar þá liði sem falla undir verksvið ráðsins og gæta þess í ákvörðunum sínum að halda áætlanir þegar að framkvæmdum kemur,
- að vera bæjarstjórn að öðru leyti til ráðgjafar varðandi málefni sem undir skipulags- og framkvæmdaráð falla samkvæmt erindisbréfi þessu og samþykkt sameinaðs sveitarfélags Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar.

4. gr.

Verkefni skipulags- og framkvæmdaráðs

Helstu verkefni skipulags- og framkvæmdaráðs eru:

- að bera ábyrgð á að gerð skipulagstillagna sé í samræmi við skipulagslög,
- að hafa umsjón og eftirlit með framkvæmdum á vegum sveitarfélagsins,
- að gera tillögur um nýframkvæmdir sveitarfélagsins og viðhald fasteigna sveitarfélagsins,
- að fjalla um rekstur og verkefni þjónustumiðstöðva, svo sem viðhaldsáætlanir, verkáætlanir, snjóhreinsun og hálfuvarnir, viðhaldsverkefni gatna og stíga, hreinsun opinna svæða og gatnalýsingu,
- að veita bæjarstjórn umsögn og gera tillögur á sviði sérmálefna dreifbýlisins,
- að gera tillögur um styrkvegi og öflun fjármagns til uppbyggingar þeirra og viðhalds,
- að gera tillögur til sveitarstjórnar um skipulag almenningsgangna, m.a. akstursleiðir og staðsetningu biðskýla,
- að hafa umsjón með skipulagi og almennri fegrun opinna svæða í bæjarfélaginu í samráði við heimastjórn á hverjum stað,
- að stuðla að því að umhverfi og ásýnd sveitarfélagsins sé til fyrirmyndar,
- að vinna að öðrum þeim verkefnum sem bæjarstjórn felur ráðinu á hverjum tíma.

5. gr.

Um skipan ráðsins

Í skipulags- og framkvæmdaráði eiga sæti fimm aðalmenn og jafnmargir til vara samkvæmt 48. gr. samþykktar um stjórn sameinaðs sveitarfélags Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar. Kjörtímabil er hið sama og bæjarstjórnar.

Um boðun varamanna á fundi skipulags- og framkvæmdaráðs gilda ákvæði 24. gr. samþykktar um stjórn sameinaðs sveitarfélags Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar eftir því sem við á, sem og ákvæði 42. gr. samþykktar um stjórn sameinaðs sveitarfélags Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar.

Framboðslista sem fulltrúa á í bæjarstjórn, en ekki nær kjöri í fastanefnd, er heimilt að tilnefna áheyrnarfulltrúa til þátttöku á fundum.

Formaður skipulags- og framkvæmdaráðs leggur fram tillögu um fundartíma á fyrsta fundi ráðsins eftir formannskjör. Fundir skulu haldnir að jafnaði einu sinni í mánuði, eða eins oft og þurfa þykir innan fjárheimilda ráðsins. Aukafundi skal halda ef bæjarstjóri, formaður skipulags- og framkvæmdaráðs eða a.m.k. tveir skipulags- og framkvæmdaráðsmenn óska þess.

Formaður sér um boðun funda með rafrænu fundarboði ásamt dagskrá og fundargögnum a.m.k. tveimur sólarhringum fyrir fund samkvæmt III. kafla samþykktar um stjórn sameinaðs sveitarfélags Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar. Fundargögn skulu birt með rafrænum hætti á lokaðri fundargátt sveitarfélagsins eins fljótt og auðið er, þó eigi síðar en með fundarboði. Geti bæjarfulltrúi ekki sótt fund skal hann tilkynna formanni ráðsins um forföll og boða varamann í sinn stað.

Formaður skipulags- og framkvæmdaráðs stjórnar fundum þess og sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum þess. Heimilt er að taka mál til meðferðar í skipulags- og framkvæmdaráðs þótt ekki sé það tilgreint í dagskrá, að fengnu samþykki allra fundarmanna.

Fundir skipulags- og framkvæmdaráðs skulu almennt haldnir fyrir luktum dyrum. Heimilt er að opna fund komi fram skrifleg ósk um slíkt svo fremi sem lög eða eðli máls hamli því ekki. Fulltrúum í bæjarráði er almennt heimilt að nota fjarfundarbúnað í samræmi við 14. gr. samþykktar um stjórn sameinaðs sveitarfélags Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar. Til að sækja fjarfund er skilyrði að fulltrúi sé staddur innan sveitarfélagsins eða í erindisgjörðum innanlands á vegum sveitarfélagsins og sé í fullnægjandi aðstöðu til að sækja fundinn.

Um fundi, ályktunarhæfi og atkvæðagreiðslur gilda ákvæði III. kafla samþykktar um stjórn sameinaðs sveitarfélags Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar og sveitarstjórnarlaga eftir því sem við getur átt.

6. gr.

Málsmeðferð

Málsmeðferð skipulags- og framkvæmdaráðs skal vera í samræmi við ákvæði skipulagslaga, sveitarstjórnarlaga, stjórnsýslulaga, samþykktar um stjórn sameinaðs sveitarfélags Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar, siðareglur fyrir kjörna fulltrúa sameinaðs sveitarfélags Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar og góðar stjórnsýsluvenjur.

7. gr.

Um fullnaðarafgreiðslu og fjárheimildir

Í því skyni að stuðla að hagræðingu, skilvirkni og hraðari málsmeðferð getur bæjarstjórn ákveðið í sérstökum viðauka við samþykkt um stjórn sveitarfélagsins, að fela nefnd, ráði eða stjórn á vegum sveitarfélagsins fullnaðarafgreiðslu tiltekinna mála sem ekki varða verulega fjárhag sveitarfélagsins, nema lög eða eðli máls mæli gegn því. Vald til fullnaðarafgreiðslu máls getur aldrei falið í sér vald til töku ákvörðunar sem gengur gegn fjárhagsáætlun eða öðrum almennum og bindandi reglum eða áætlunum sem bæjarstjórn hefur sett.

Heimildir fastanefnda til fullnaðarafgreiðslu mála eru háðar því að samþykktir þeirra, sem hafa í för með sér að útgjöld, séu innan heimilda í fjárhagsáætlun fyrir viðkomandi málaflokk.

Fullnaðarákvarðanir sem teknar hafa verið sæta ekki eiginlegu málskoti innan stjórnsýslu sveitarfélagsins, heldur getur aðili máls átt rétt á endurupptöku ákvörðunar, sbr. 24. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Ef óskað er endurupptöku máls sem afgreitt hefur verið sbr. 1. mgr. skal leggja það fyrir bæjarstjórn til endanlegrar afgreiðslu.

Sé nefnd ekki falið að taka fullnaðarákvörðun um mál, skv. lögum eða samþykkt þessari, teljast ályktanir hennar tillögur til bæjarstjórnar, enda þótt þær séu orðaðar sem ákvarðanir eða samþykktir nefndar. Slíkar ákvarðanir þurfa staðfestingu bæjarstjórnar.

Verði ágreiningur um afgreiðslu mála sem skipulags- og framkvæmdaráð hefur fullnaðarafgreiðsluheimild til fer málið til afgreiðslu í bæjarstjórn og tekið til sérstakrar afgreiðslu þar.

Skipulags- og framkvæmdaráði er heimilt að staðfesta samninga viðskipta- og fjárhagslegs eðlis ef þeir rúmast innan ramma fjárhagsáætlunar ársins, svo og að staðfesta samninga sem snúa að kaupum á föstum þjónustubáttum.

Bæjarráð úthlutar fjárhagsramma til ráðsins í samræmi við samþykktan fjárhagsramma bæjarstjórnar fyrir næsta fjárhagsár. Skipulags- og framkvæmdaráð gerir starfsáætlun í samræmi við úthlutaðan fjárhagsramma fyrir næsta starfsár vegna málaflokka sinna. Tillögur um breytingar á þjónustu eða gjaldskrár skal skýra og rökstyðja sérstaklega og þurfa samþykki bæjarstjórnar.

Skipulags- og framkvæmdaráð afgreiðir eftirtalin verkefni skipulagslaga nr. 123/2010 án staðfestingar bæjarstjórnar, sbr. 2. mgr. 6. gr. skipulagslaga og viðauka I við samþykkt um stjórn sameinaðs sveitarfélags Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar:

1. ákvarðanir samkvæmt 48. gr. skipulagslaga um skiptingu landa og lóða,
2. ákvörðun um hvort heimilt sé við útgáfu á framkvæmda- eða byggingarleyfi að víkja frá kröfum um breytingu á deiliskipulagi eða grenndarkynningu þegar um svo óveruleg frávík er að ræða að hagsmunir nágretta skerðast í engu hvað varðar landnotkun, útsýni, skuggavarp eða innsýn, sbr. 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga,
3. afgreiðir tillögu um deiliskipulag ef fallist er á allar athugasemdir Skipulagsstofnunar um form deiliskipulagstillögu skv. 5. ml. 1. mgr. 41. gr. laganna,
4. afgreiðir umsóknir um framkvæmdaleyfi skv. 13. gr. skipulagslaga,
5. afgreiðir ákvarðanir sem vísa til bæjarstjórnar samkvæmt X. kafla skipulagslaga um þvingunarúrræði og viðurlög, s.s. að staðfesta stöðvun skipulagsfulltrúa á framkvæmdum sem hafnar eru án framkvæmdaleyfis, framkvæmdaleyfi brýtur í bága

við skipulag eða það er fallið úr gildi, sbr. 53. gr. skipulagslaga og ákvarðanir um dagsektir, sbr. 54. gr.

8. gr.

Fullnaðarákvarðanir sem teknar hafa verið sæta ekki eiginlegu málskoti innan stjórnarsýslu sveitarfélagsins, heldur getur aðili máls átt rétt á endurupptöku ákvörðunar ef ákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum, eða ef íþyngjandi ákvörðun hefur byggst á atvikum sem breyst hafa verulega frá því að ákvörðun var tekin, sbr. 24. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993. Ef óskað er endurupptöku máls sem afgreitt hefur verið skal leggja það fyrir bæjarstjórn til endanlegrar afgreiðslu.

Sé skipulags- og framkvæmdaráði ekki falið að taka fullnaðarákvörðun um mál, skv. lögum eða samþykkt um stjórn sameinaðs sveitarfélags Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar eða erindisbréfi þessu, teljast ályktanir hennar tillögur til bæjarstjórnar, enda þótt þær séu orðaðar sem ákvarðanir eða samþykktir. Slíkar ákvarðanir þurfa staðfestingu bæjarstjórnar.

Mál sem starfsmenn afgreiða í umboði skipulags- og framkvæmdaráðs skulu kynnt ráðinu með skriflegri skýrslu á næsta fundi ráðsins.

9. gr.

Séu ákvæði í lögum eða samstarfssamningum um seturétt aðila utan ráðsins, þegar málefni þeim tengd eru til umfjöllunar, skal formaður gæta þess að þau ákvæði séu uppfyllt. Seturéttur fulltrúa afmarkast við umfjöllun ráðsins um þau málefni sem fulltrúi er skipaður til að fjalla um. Að umfjöllun lokinni skulu fulltrúar víkja af fundi.

Ekki er greidd þóknun til fulltrúa með seturétt.

10. gr.

Þagnarskylda

Fulltrúi í skipulags- og framkvæmdaráði skal gæta þagnarskyldu um það sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- og/eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst áfram eftir að fulltrúi lætur af störfum. Ákvæði þetta gildir einnig um aðra fundarmenn á fundum skipulags- og framkvæmdaráðs. Fulltrúi skal víkja af fundi, og kalla til varamann, tengist hann einstaklingum eða málum, sem fjallað er um í ráðinu, þannig að spillt geti óhlutdrægni hans.

11. gr.

Um samstarf við heimastjórnir

Skipulags- og framkvæmdaráð skal eiga í nánú samstarfi við heimastjórnir sveitarfélagsins um verkefni á málavíði heimastjórna í samræmi við ákvæði 48. gr. í samþykkt um stjórn

sameinaðs sveitarfélags Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar og viðauka I við samþykktina. Þá skal skipulags- og framkvæmdaráð hafa samráð við viðeigandi heimastjórn um málefni sem varða starfssvæði heimastjórnar verulega eða sérstaklega.

Heimastjórn afgreiðir eftir umfjöllun skipulags- og framkvæmdaráðs eftirtalin verkefni samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 án staðfestingar bæjarstjórnar, sbr. 2. mgr. 6. gr. skipulagslaga:

1. afgreiðslu umsókna um framkvæmdaleyfi matsskyldra framkvæmda skv. 14. gr. skipulagslaga,
2. ákvörðun um að unnin sé tillaga að deiliskipulagi eða breytingu á deiliskipulagi með vísan til 38. gr. skipulagslaga,
3. samþykkt og kynningu skipulagslýsingar samkvæmt ákvæðum, sbr. 1.-3. mgr. 40. gr. skipulagslaga,
4. ákvörðun um að auglýsa deiliskipulagstillögu,
5. heimastjórn tekur afstöðu til framkominna athugasemda við tillöguna og tillögur skipulags- og framkvæmdaráðs um afgreiðslu og hvort gera þurfi breytingar á deiliskipulagstillögunni.
Heimastjórn afgreiðir greinargerð með rökstuðningi við endanlega afgreiðslu,
6. hafi Skipulagsstofnun gert athugasemdir við afgreiðslu heimastjórnar á deiliskipulagstillögu, skal heimastjórn fjalla um málið og gera tillögu að nauðsynlegum breytingum, eða gera rökstudda grein fyrir ástæðum þess að heimastjórn fallist ekki á athugasemdir Skipulagsstofnunar,
7. ákvörðun um og samþykkt óverulegra breytinga á deiliskipulagi skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga,
8. ákvörðun samkvæmt 44. gr. skipulagslaga vegna umsókna um byggingar- eða framkvæmdaleyfi fyrir framkvæmd sem er í samræmi við aðalskipulag, en deiliskipulag liggur ekki fyrir, ef framkvæmdin er í samræmi við landnotkun, byggðamynstur og þéttleika byggðar,
9. ákvörðun um heiti á götum, vegum og torgum samkvæmt 47. gr. skipulagslaga, að fenginni umsögn skipulags- og framkvæmdaráðs.

Hafi skipulags- og framkvæmdaráð til umfjöllunar tillögu um veigamiklar breytingar grunnþjónustu á verkefnasviði sínu sem varðar eitthvert heimastjórnarsvæði sveitarfélagsins, skal leita umsagnar viðkomandi heimastjórnar áður en tillögu er vísað til afgreiðslu.

12. gr.

Gildistaka

Erindisbréf þetta er sett með heimild í 48. gr. samþykktar um stjórn sameinaðs sveitarfélags Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar nr. 410/2024 og tekur þegar gildi.

Samþykkt á fundi bæjarstjórnar sameinaðs sveitarfélags Tálknafjarðarhrepps og
Vesturbyggðar dags. 19.06.2024